

Flugslysaæfing Akureyrarflugvelli Maí 2017 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn á Norðurlandi

Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra

1	Efnisyfirlit	
2	Frá æfingastjóra	2
3	Markmið	3
4	Undirbúningur og framkvæmd	4
4.1	Miðvikudagurinn 3. maí	4
4.2	Fimmtudagurinn 4. Maí	4
4.3	Föstudagurinn 5. maí	4
4.4	Laugardagurinn 6. maí	4
4.5	Niðurstaða æfingastjórnar	4
4.6	Æfingastjórn	4
4.7	Ráðgjafar	4
4.8	Þátttaka	5
4.9	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	5
4.10	Veður	6
4.11	Framkvæmd	6
4.12	Vettvangur	6
5	Rýni	8
5.1	Vettvangsrýni ráðgjafa	8
5.1.1	Aðgerðastjórn	8
5.1.2	Vettvangsstjórn	8
5.1.3	Björgunarstjóri	9
5.1.4	Aðhlyningarstjóri	10
5.1.5	Fjöldahjálp	12
5.1.6	Flutningsstjóra	12
5.1.7	Leikarar og förðun	13
5.1.8	Gæslustjóri	15
5.2	Rýnifundur	15
5.3	Samantekt lærdóms flugslysæfingarinnar	15
5.3.1	Hverjir tóku þátt í rýni	15
5.3.2	Það sem vel var gert	15
5.3.3	Það sem betur hefði mátt fara	18

2 Frá æfingastjóra

Þann 6. maí var haldin flugslysaæfing á Akureyrarflugvelli með aðkomu viðbragðsaðila í eyjafirði, æfingar þessar eru samvinnu verkefni margra aðila og hófu sitt skeið með þessum hætti sem þær eru í dag 1996. Frá þeim tíma hafa æfingarnar verið stór partur í þróun hópslysamála á landinu, þar hefur stjórnkerfi okkar þróast, aðferðir við bráðaflokkun og greiningu ásamt öðru verklagi viðbragðsaðila. Fyrir rekstraraðila flugvallar er þessi samvinna ómetanleg en samkvæmt lögum og reglum ber rekstraraðila og yfirvöldum að halda æfingar með reglulegu millibili á flugvöllum.

Nokkrar nýjungar voru prófaðar á æfingunni, við bráðaflokkuðum á bráðaflokkunarsvæði og þó það sé ekki nýlunda þá er það verklag sem tíðkast á öllum flugvöllum. Við drifum vettvangsstjórnina nær vettvanginum en hún hefur verið að fjarlægjast hann í gegnum tíðina. Við notuðum bedda Rauða krossins á söfnunarsvæði slasaðra og breytir það allri vinnuaðstöðu ummönnumunaraðila á SSS. Það er afar mikilvægt að við þorum að prófa nýja hluti og okkur lífsnauðsynlegt að við þróast í okkar viðbúnaði.

Æfingin stjórnaðist svolítið af þeirri flugumferð sem var á vellinum á meðan á æfingu stóð, þetta þarf að laga því það skapar bæði hættu og skemmir flæði æfingarinnar að þurfa að stöðva æfinguna á meðan flugumferð fer fram. Skoða verður í þessu samhengi tímasetningar og staðsetningar æfingar ásamt því að vinna með flugrekendum að ásættanlegri lausn.

Fyrir hönd æfingastjórnar þakka ég öllum þátttökuna, æfingin var að mínu mati bæði fróðleg og skemmtileg.

12 ágúst 2017

Friðfinnur Fr. Guðmundsson, æfingastjóri.

3 Markmið

Akureyrarflugvöllur er einn af fjórum alþjóðaflugvöllum á Íslandi, völlum sinnir áætlanaflogi milli Akureyrar og Reykjavíkur auk þess sem leiguflugi er sinnt í gegnum völlinn og flugvöllurinn er miðstöð sjúkraflugs. Nokkuð er um að ferðaskrifstofur bjóði uppá ferðir frá völlum til erlendra borga. Fjölbreyttu flugi er því sinnt frá völlum á flugvélum af öllum stærðum og gerðum. Viðbragðsaðilar á svæðinu eru nokkuð stórir á landsvísu og fagmennska góð. Eitt helsta markmið æfingarinnar var að æfa flugslysaáætlun flugvallarins, samvinnu milli viðbragðsaðila og þær áskoranir sem falast í dreifðum og flóknum vettvangi og fáum björgum miðað við slasaða. Markmið æfingarinnar gengu ágætlega upp eins og fram kemur í skýrslu þessari.



4 Undirbúningur og framkvæmd

4.1 Miðvikudagurinn 3. maí

Boðunarprófun var framkvæmd af 112 með venjubundnum hætti, mikilvægt er að koma betra skipulagi á þessar prófanir það er að tryggja að viðbragðsaðilar skoði útkomu hennar

4.2 Fimmtudagurinn 4. Maí

Fræðslufundur var haldin í VMA, fundurinn var vel sóttur. Farið var yfir á fundinum dagskrá æfingarinnar, nýtt fjarskiptaskipulag og nýja talhópa.

4.3 Föstudagurinn 5. maí

Skrifborðsæfing var haldin í skýli flugvallarþjónustu kl 14:00 æfingin gekk ágætlega, mikilvægt er að uppfæra skrifborðshlutann, gera æfingarnar markvissari en þær eru mikilvægur undirbúningsþáttur æfinga.

Um kvöldið var haldinn annar fræðslufundur þar sem farið var yfir störf verkþáttastjóra, handritið, áverkamat og bráðaflokkun, afar góð mæting var og viðbragðsaðilar mikið að rotta sig saman og skipuleggja sig.

4.4 Laugardagurinn 6. maí

Æfingu var frestað vegna flugs um völlinn en áætlanir höfðu breyst vegna mikillar þoku deginum áður og að morgni 6.maí. Æfingin stjórnaðist mikið af því að flug var allan tíman með sem skapaði hættu og tafði eðlilegan framgang æfingar. Æfingin gekk að öðru leit afar vel eins og niðurtöður rýni gefa til kynna. Æfingu var lokið um 14:00 en þá hafði öllum markmiðum æfingarinnar náðst. Samhæfingarmiðstöðin í Skógarhlíð var virkjuð samhliða æfingunni.

4.5 Niðurstaða æfingastjórnar.

4.6 Æfingastjórn

Æfingastjórn fundaði reglulega fram að æfingu og hálfsmánaðarlega í apríl mánuði. Æfingastjórn er skipuð fulltrúum frá viðbragðsaðilum á svæðinu.

Æfingastjóri	Friðfinnur Fr. Guðmundsson Isavia
Æfingastjórn	Hermann Karlsson, Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra.
Æfingastjórn	Friðgerður Brynja Jónsdóttir AVD
Æfingastjórn	Halla Bjarklind, SAK
Æfingastjórn	Álfheiður S. Kristjánsdóttir, Rauða krossinum á Akureyri
Æfingastjórn	Skúli Rúnar Árnason, svæðisstjórn björgunarsveita
Æfingastjórn	Jóhann Þór Jónsson, Slökkviliði Akureyrar

4.7 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Fylgst er með einstaka þáttum æfingarinnar og skýrslum skilað um hvernig til tókst. Haldnir voru samræmingarfundir með ráðgjöfunum á fimmtudeginum og föstudeginum. Komið var upp einni skrifstofu sem hægt væri að vinna á og funda ásamt því að hittast og ræða hlutina, aðdragandi æfinganna er snarpur eftir að ráðgjafar komu á svæðið en ráðgjafafundirnir eru

mikilvægir til samræmingar og upplýsingamiðlunar. Ráðgjafar fóru svo til sinna eininga og aðstaðan lítið notuð utan funda.

Ráðgjafi	Guðbrandur Örn Arnarson
Ráðgjafi	Jón Brynjar Birgisson
Ráðgjafi	Bára Benediktsdóttir
Ráðgjafi	Vigdís Björk Agnarsdóttir
Ráðgjafi	Soffía Valsdóttir
Ráðgjafi	Haraldur Jakobsson
Ráðgjafi	Rúnar V. Þórmundsson
Ráðgjafi	Guðbrandur Lárusson
Ráðgjafi	Dagbjartur Kr Brynjarsson
Ráðgjafi	Ingólfur Haraldsson
Ráðgjafi	Guðrún Lísbet Níelsdóttir
Ráðgjafi	Helga Rósa Másdóttir
Ráðgjafi	Veigar Þór Guðbjörnsson
Ráðgjafi	Elva Björnsdóttir
Ráðgjafi	Þorlákur Snær Helgason

4.8 Þátttaka

Þátttaka var afar góð en 250 manns tóku þátt í æfingunni, þar af 67 leikarar

4.9 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

(FPL-FAB777-IS

-F-70/M-SDFGHRYZ/S

-BIEG1010

-N0330F240 EL

-BIRK0048 BIKF

-PBN/B2B3B4D2D3O2O3S2 NAV/SBAS COM/SATPHONE DOF/160928 REG/OKJFJ

EET/EL0046 SEL/ZZZZ CODE/4CC4D3 OPR/FAB ORGN/BIRKFXIO RMK/IFPSRA)

Bombardier Q400 í aðflugi að 01 á BIAR tilkynnir um bilun í vökvakerfi og skerta flughæfni

Nokkrum mín síðar lendir vélin á 01 landingin er harkaleg og gear brotnar, vélin rennur eftir brautinni og austur fyrir hana, brotnar og brotnar í nokkra hluta þegar hún rennur út fyrir öryggissvæði, eldar koma upp.

1. Æfingastjórn hringir í turn þegar slystaður er klár, við það fer ofangreind sviðsmynd af stað. Turn Akureyrarflugvelli boðar hættustig - Q400 í aðflugi tilkynnir um bilun í vökvakerfi.

2. 3. mín síðar hækkar turn boðstigið í neyðarstig þegar flugvélin brotlendir á brautinni. Eldsneyti við landingu er 1 tonn

Fjórir í áhöfn og 78 , samtals 82 sálir um borð.

ÆFINGSTJÓRN ákveður boðun á hættu og neyðarstigi.

4.10 Veður

Veður var með besta móti miðað við árstíma. Milt veður og úrkomu laust hiti 8°C.

4.11 Framkvæmd

Kl. 11:06 Útkall, nokkur seinkun vegna flugs

Þegar flugvallarþjónustan (BIAK) kom á svæðið logaði mikill eldur í E1 og E2 og var strax lögð fæðilína frá dælubíl að E1 og E2, fæðilínan og greinistykki flutt á kerru og sexhjóli og gekk mjög hratt og vel.

Kl. 11:15 slökkvistarf hafið, gekk ágætlega en svolítið mikið unnið með beinni bunu og löngu færi en lagaðist svo þegar menn fóru nær og stækkuðu úðan. Allir með öndunarbúnað og annan hlífaðbúnað.

Kl. 11:31 Fyrstu sjúkrabílar koma á vettvang og bátur settur niður.

Kl. 11:33 BIAK menn koma á K2 og kanna aðstæður, tala ekkert við sjúklinga og fara aftur í burtu. SA slökkvibíll mætir á E3

Kl. 11:36 BIAK maður kemur aftur á K2 og ræða við sjúklinga og 6hjól kemur með teppi.

Kl. 11:43 Eldur slökktur að mestu á E1 og E2. Ennþá verið að vinna í E3.

Kl. 11:46 Byrjað að klippa í K2, 1 maður með atgeir og talar ekkert við sjúklinga í flakinu. SA menn hætta að slökkva í E3 þó mikið rjúki enn. Fara í K3 og byrja að stilla upp klippum, tala við sjúklinga en færa sig svo yfir í TF- Láka og bjarga út 7 brúðum úr reyk. Gekk mjög vel.

Kl. 11:49 Unnið í K2, sjúklingar teknir undan flaki en vantar greiningar- og björgunarfólk til að sinna þeim. Byrjað að vinna í K1.

Kl. 11:51 3 menn frá Björgunarsveitinni koma á K2 og fara að sinna þeim tveim sem voru undir flakinu. Virtust vera að bráðaflokka en við sáum aldrei nein spjöld sem gáfu til kynna að búið væri að bráðaflokka. Tóku annan sjúklinginn og báru í burtu.

Kl. 11:55 Aftur komin eldur í E2 og fyrsti sjúklingurinn fluttur á SSS. Margir sjúklingar bornir á börum frá K1 og K2

Kl. 12:10 Slökkvibíll frá BIAK fer á E3 þar sem eldur logaði aftur og skömmu síðar slökkvibíll frá SA. 5 menn að slökkva glæður í E3, enginn sinnir K3 ennþá.

Kl. 12:20 SA byrja að vinna í K3, klippa allan toppinn af þó þeim hafi verið margoft bent á hvar á að opna flakið.

Kl. 12:25 Björgunarsveitarbíll sækir 1 sjúkling á K2, allir hinir bornir á börum og ferjaðir á kerru aftan í 6hjóli. Eftir það fóru hlutirnir að ganga og allir sjúklingarnir farnir af vettvangi uppúr kl 13.

4.12 Vettvangur

Vettvangurinn var settur upp utan flugbrautar. Austan við flughlað á nokkuð fjölbreyttu og erfiðu svæði. Hringakstur var settur á til að bæta flæði og auka öryggi. Fjöldmörg verkefni voru á slysstaðnum, bæði slökkvi og björgunarverkefni. Fjöldi björgunarmanna og flutningstækja var í það minnsta miðað við umfang vettvangs og fjölda slasaðra.

Vettvangurinn var frekar dreifður, syðst var klippur 1 (K1) þá kom eldur 1 (E1) og 2 (E2) svo klippur 2 (K2). Á Eyafjarðaránni var björgunarfleki á reki. Á brún öryggissvæðisins var TF-Láki syðst, norðar klippur 3(K3) og eldur 3 (E3) nyrst. Fyrirfram var ákveðið að Slökkvilið Akureyrar (SA) sjái um þessi 3 síðasttöldu verkefni og var björgunarstjórum tilkynnt það fyrirfram.




5 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga.

Rýniferlið var með þeim hætti að öllum þátttakendum var boðið að rýna aðgerðina rafrænt. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram.

Einnig var prófuð svokölluð vettvangsrýni þar sem ráðgjafar meta störf helstu stjórnunareininga og verkþáttastjóra á meðan á æfingu stendur. Vert er að taka fram að flestir ráðgjafar fylltu út rýni eftir æfingu



5.1 Vettvangsrýni ráðgjafa

Allir verkþáttastjórar ásamt vettvangsstjórn höfðu sér til halds og traust ráðgjafa, ráðgjafar voru staðsettir á öllum stjórnunarpóstum æfingarinnar. SST,AST,VST og hjá verkþáttastjórum. Þeir mátu þessa stjórnunarbætti út frá því hvort ákveðnum verkefnum hafi verið sinnt eða ákveðnum markmiðum náð. Þetta var metið á skalanum 1-5 þar sem 1 þýðir að verkefni var ekki synt, kröfum ekki náð eða markmiðum ekki náð. Þetta verklag er í þróun og er ágætis leið til að meta störf stjórnenda, svo er spurning hvort stjórnendur eru sáttir við að þeirra störf séu metin með þessum hætti.

5.1.1 Aðgerðastjórn

Ekki barst rýni frá ráðgjafa

5.1.2 Vettvangsstjórn.

Ekki barst rýni frá ráðgjafa.

5.1.3 Björgunarstjóri



Björgunarstjórar unnu vel saman og gekk þeirra vinna vel, björgunarstjórinn frá BIAK fékk fljótt nokkuð góðar upplýsingar um stöðuna á vettvanginum frá sínum mönnum og deildi því til björgunarstjóra SA þegar hann kom. Sjúkrabílar sendir strax á nyrsta svæðið sem var öruggt til að sækja sjúklinga. BIAK menn unnu heilt yfir gott starf á suðurhlutanum á vettvanginum og greinilegt að 6hjólið kom að góðum notum í

flutningi á búnaði og sjúklingum. SA menn unnu faglega og þá sérstaklega við rýmingu á TF-Láka en flýttu sér kannski fullmikið á E3 og þurftu að fara aftur í slökkvistörf þar. K3 gekk ekki vel og alls ekki unnið eins og lagt var upp með, SA menn komu í verkefnið og töluðu við sjúklingana en yfirgáfu svo það og fóru annað. Svo liðu um 30 mín þar til að SA menn komu aftur í K3, allan þann tíma kom engin og engin vaktaði það. SA menn klipptu svo en fóru ekki eftir leiðbeiningum ráðgjafa. Bátaverkefni á Eyjafjarðaránni gekk mjög vel en hefði báturinn kannski mátt fara fyrr af stað. Greinileg vöntun var af björgunarsveitarfólki og eða bráðagreiningarfólki á vettvanginn. Björgunarstjórar margbáðu um aukinn mannskap á vettvanginn sem skilaði sér illa. Að mati ráðgjafa fór of mikill tími í að taka sjúklinga upp í börur setja í bíla,ferja þá á greiningarsvæði taka þá þar út úr bílum, greina og flytja síðan á SSS enda líða 25 mín. Frá því að sjúkrabílar koma á vettvang og fyrsti sjúklingur er fluttur á SSS. Eins hefði verið hægt að senda breytta jeppa út í móana til að sækja sjúklinga en ekki bera þá á börum sem oft voru bara 2 að bera. Í lokin var ekki alveg á hreinu hvað marga sjúklinga vantaði og hefðu björgunarstjórnarnir geta nýtt betur fjórhjól frá björgunarsveitunum til leitar.

Niðurstöður vettvangsrýni. Gefin er einkunn frá 1-5 þar sem 1 þýðir að markmið náðust ekki og 5 að markmið hafi náðst. Meðal einkunn er 4,2 svo áætla má að markmið björgunarstjóra hafi náðst.

Náði björgunarstjóri tímanlegri yfirsýn yfir atburð	5
Náði björgunarstjóri sér í nægar upplýsingar til að meta umfang og stærð atburðar	4
Var björgunarstji meðvitaður um aðsteðjandi hættur	5
Var vettvangur tryggður á viðeigandi tíma	4
Voru fyrirmæli björgunarstjóra skýr og skilmerkileg	5
Gekk björgunarstjóra vel að samþætta staf mismunandi bjarga á vettvangi	4
Var tekið á móti hópum og þeir settir í verkefni	4
Var eðlilegri stjórnunarspönn viðhaldið á vettvangi	4
Var saðsetning björgunarstjóra viðunandi	5
Var yfirsýn björgunarstjóra viðeigandi	5
Var gætt að verndun vettvangs og rannsóknarhagsmuna á viðeigandi hátt	5
Var viðeigandi upplýsingum komið til VST um umfang og aðstæður á vettvangi	4
Voru samskipti við VST með viðeigandi hætti	4
Voru samskipti við aðra verkþáttastjóra með viðeigandi hætti	4
Unnu stjórnendur Isavia og slökkviliðs vel saman	5
Var gerður vettvansuppráttur af vettvangi	3
Var framkvæmd leit	3

5.1.4 Aðhlyningarstjóri

Undirbúningur aðhlyningarstjóra var algjörlega til fyrirmyndar, mjög skipulögð og sýndi það sig í æfingunni sjálfri. Sérstaklega jákvæðir punktar:

- Mjög yfirvegað andrúmsloft á SSS, sérstaklega mikilvægt gott samstarf milli aðhlyningarstjóra, aðstoðarmanns og stjórnandi læknis.
- Fjarskipti gengu mjög vel. Sýnir sig hversu miklu það munar fyrir slíka aðgerð að Tetrastöðvar eru notaðar í daglegum rekstri heilbrigðisstofnunar.
- Yfirsýn yfir flutning frá SSS var almennt góð
- Vel gekk að manna SSS af aðstoðarfólki frá RKÍ og björgunarsveitum.
- Aðhlyningarstjóri notaði upphækkun til að ná betri yfirsýn yfir SSS og vera sýnilegri, þetta var ekki mikið notað en



- mjög góð hugmynd og gafst afar vel.
- Aðhlyningarstjórar voru vel merktir og derhúfurnar gáfust vel, voru mjög vel sýnilegar.

Mannauður hefði að sumu leyti mátt nýttast betur, t.d. lækni sem var allan tímann á vettvangi og sjúkraflutningamenn sem hefðu nýst vel í starfi á SSS.

Skipaður birgðastjóri frá björgunarsveitum, nýttist ekki vel þar sem allar birgðir sem kallað var eftir voru á „pappír“ en þetta er æfingalegs eðlis og nauðsynlegt í alvöru aðstæðum.

Heilbrigðisstarfsfólk sem tók þátt í æfingunni lagði mesta áherslu á að æfa áverkamat og gekk það vel. Það reyndi þó aldrei mjög mikið á aðhlyningarstjóra og starfsfólk á SSS, vegna tafa á vettvangi og flugumferðar á æfingu kom aldrei neinn kúfur og þau önnuðu öllu mjög vel. Æfingin var flautuð af áður en allir sjúklingarnir voru komnir á SSS.

Fólk virðist almennt ánægt með nýja SSS. Beddar frá RKÍ nýttust afar vel, merkingar á gólfum góðar. Þó hefur starfsfólk eflaust verið þreytt á að standa á steingólfi, talsverður kuldi kom inn um opna hurð við útgang sjúklinga. Hljóðvist er ekki góð og loftþessa fór stundum í gang sem skapaði talsverð læti.

Niðurstöður vettvangsrýni. Gefin er einkunn frá 1-5 þar sem 1 þýðir að markmið náðust ekki og 5 að markmið hafi náðst. Meðal einkunn er 4,2 svo áætla má að markmið aðhlyningarstjóra hafi náðst.

Tók eðlilegan tíma fyrir aðhlyningarstjóra að ná yfirsýn yfir atburð og ástand í SSS	5
Gaf aðhlyningarstjórinn greinargóða lýsingu á ástandinu til HSB,HVE,AST,SST,VST	5
Voru nægar bjargir við uppsetningu á SSS	5
Gaf aðhlyningarstjóri skýr fyrirmæli varðandi vinnu á SSS	5
Var aðbúnaður viðeigandi á SSS	3
Var viðeigandi skipulagi komið á í SSS	4
Var aðhlyningarstjóri með góða yfirsýn á SSS	5
Voru aðstoðarmenn skipaðir eftir þörfum	5
Var áverkamat mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	5
Var rautt svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	3
Var gult svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	3
Var grænt svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	3
Var ástand mála metið reglulega	4
Voru nauðsynleg aðföng/bjargir tryggð tímanlega	4
Voru samskipti við starfslid SSS næg og skilvirk	5
Var aðhlyningarstjóra kunnugt um skipulag fjarskipta	5
Var upplýsingamiðlun frá SSS skilvirk	4

5.1.5 Fjöldahjálp



Fjöldahjálp viðrist hafa gengið vel, niðurstöður vettvangsrýni gefa það til kynna. Gefin er einkunn frá 1-5 þar sem 1 þýðir að markmið náðust ekki og 5 að markmið hafi náðst. Meðal einkunn er 4.6 sem seigir okkur að markmið Fjöldahjálpar náðust mjög vel

Tók eðlilegan tíma fyrir stjórnanda SSA að ná yfirsýn yfir atburð og ástand mála	4
Náði stjórnandi SSA í þær upplýsingar sem hann þurfti til að meta stærð og umfang atburðar	5
Var stjórnandi SSA með góða yfirsýn yfir starfssemi SSA	5
Var verkstjórn SSA með viðunandi hætti	4
Var aðbúnaður og aðföng með viðeigandi hætti í SSA	5
Var nægur mannskapur í SSA til að sinna þeim verkefnum sem komu upp	5
Voru samskipti við AST með viðeginandi hætti	5
Voru samskipti SSA við samstarfsaðila með viðeigandi hætti	5
Var fjarskipta notkun í samræmi við það sem ætlast er til	5
Var miðlun upplýsinga með eðlilegum hætti inn til SSA	4
Var miðlun upplýsinga frá SSA með eðlilegum hætti	4
Voru merkingar á SSA með viðeigandi hætti	5

5.1.6 Flutningsstjóra




Aðstoðarmaður var ekki sendur á vettvang fyrir en eftir ábendingu ráðgjafa. Skipulag vettvangi var ekki nógu gott hvað varðar Aðkomuleiðir en lagaðist þegar aðstoðarmaður kom og fór að miðla upplýsingum. Bílar hefðu mátt snúa í sömu átt þegar verið var að hlaða þá til að keyra beint burtu með sjúklinga. Einnig var of mikið um að bílar væru að bakka á vettvangi.

Niðurstöður vettvangsrýni. Gefin er einkunn frá 1-5 þar sem 1 þýðir að markmið náðust ekki og 5 að markmið hafi náðst. Meðal einkunn er 4.1 sem seigir okkur að markmið flutningsstjóra náðust nokkuð vel.


Tók eðlilegan tíma fyrir flutningsstjóraað ná yfirsýn yfir atburð og ástand mála	4
Var flutningstjóri meðvitaður um hættur og hindranir á flugningsleiðumT	4
Var skráning bjarga með viðeigandi hætti	4
Var móttaka bjarga með viðeigandi hætti	4
Var skipulag á MÓT með viðeigandi hætti	5
Voru skipaðir umsjónarmenn yfir biðsvæði sem voru virkjuð	4
Var aðbúnaður og aðföng með viðeigandi hætti	4
Voru biðsvæði sett upp á hentugum stöðum	5
Var skipulag flutinga með viðeigandi hætti	3

5.1.7 Leikarar og förðun

Gerð var könnun hjá leikurum á því hvernig þeim fannst til takast.




Svarendur 25.




Svarendur 25



Svarendur 25



Svarendur 25



Svarendur 25

5.1.8 Gæslustjóri

Ekki barst rýni frá ráðgjafa

5.2 Rýnifundur

Eiginlegur rýnifundur var ekki aldin þó svo að allir hafi komið saman í lok æfingar í VMA þar sem viðrun fór fram. Rýni fór fram rafrænt og má sjá niðurstöður hennar hér að neðan. Niðurstöður rýni fara til úrlausna hjá einstaka viðbragðsaðilum eftir því sem við á við undir samræmingu almannavarna í héraði.


5.3 Samantekt lærdóms flugslysáæfingarinnar

Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir að neðan eins og skilað var inn í rýni, með því tryggjum við að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem „ekkert, hef ekki skoðun“ osfr.

Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar saman taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum að gera slíkt.

5.3.1 Hverjir tóku þátt í rýni

Alls tóku 34 aðilar þátt í rýni, frá flestum viðbragðsaðilum.



5.3.2 Það sem vel var gert

5.3.2.1 Undirbúningur æfingar

Rýnipunktur	Eigandi
Haldinn var fundur viku fyrir æfingu í húsnæði RK. Upplýsingafundur í VMA einnig góðir.	RKÍ
Flest - mér fannst ég vita ágætlega um áætlun æfingarinnar. Við fengum fund snemma í RKÍ á Norðurlandi og svo voru fundirnir 2 í VMA mjög góðir.	RKÍ
Gott að hafa undirbúningsnefnd - vel samsett. vorum með verkefnastjóra af SAK sem sá um undirbúninginn	SAK

Tímanlega var farið af stað og skipað í æfingastjórn	Allir
Undirbúningur æfingar gekk vel. Haldin var fundur þar sem farið var yfir skipulag almannavarna, hlutverk greiningarsveitar, uppsetning og hlutverk á SSS auk þess sem fjarskiptaskipulag var kynnt. Búnaður og fatnaður greiningarsveitar var skoðaður. Mjög gagnlegt var að fara og skoða aðstöðu SSS á flugvelli m.t.t. uppsetningar og undirbúnings.	SAK
Skrifborðsæfingarnar sem voru daginn fyrir æfinguna voru mjög góðar	Allir
Gott að hafa undirbúningsfundir til að upplýsa um ferlið og hlutverk.	Allir
Fannst undirbúningurinn góður og vandaður.	Allir
Veit ekki því við fengum litlar sem engar upplýsingar fyrir æfinguna.	Æfingastjórn
Undirbúningur var góður og kynning með ágætum. Það hefði þó ekki þurft að fara í Tetra stöðvarnar, þ.e takkaborð og kynna þær. Flestir voru búnir að fá þá kynningu að ég held.	Æfingastjórn
Allt, undirbúningur góður hjá slökkviliðinu	Slökkvilið AK
Undirbúningur gekk vel held ég í alla staði en óþarflega langur það er mörg kvöld tekin í þetta fyrir fólk sem staðsett er fyrir utan Akureyri	Æfingastjórn
Góðir undirbúningsfundir og plús fyrir facebook-síðuna.	Æfingastjórn
Gagnlegar upplýsingar veittar á fimmtudag og föstudag.	Æfingastjórn
Hafði því miður ekki tók á að vera mikið með vegna þess að æfingar voru á venjulegum vinnutíma fyrir okkur áhugamennina	Æfingastjórn
Fínt að hafa skipulagsfundi með viðbragðsaðilum.	Æfingastjórn
Mjög gott að hafa skrifborðsæfingar. Fjarskiptakostur AST var bættur stórlega.	AST
mjög gagnlegir fundir í VMA fyrir æfingu, þar sem farið var vel yfir allt ferlið og góðar útskýringar	Æfingastjórn
Góðar upplýsingar vel og skipulega settar fram á undirbúnings fundum.	Æfingastjórn
Fundur og skipulag	Æfingastjórn
Vel flest skýrar upplýsingar	Æfingastjórn
Gott upplýsingaflæði frá æfingastjórn	Æfingastjórn

5.3.2.2 Framkvæmd/úrlausn æfingar

Rýnipunktur	Eigandi
-------------	---------

<p>Þeir sjálfboðaliðar sem boðuðu sig, mættu. Vel gekk að skipta upp liði þ.e. í Áfallateyminu. Þær sem voru á vakt ákváðu skiptinguna. Teymin fóru strax af stað þegar búíð var að ræsa út. Talstöðvarsamskipti við aðgerðastjórn gekk vel frá okkar hlið. Á flugvelli gekk vel þegar á leið æfingu að stjórna skoðun og flutningi á sjúklingum. Áfallateymið gerði sitt allrabesta í að "meta" græna með skyndihjálparfólkinu okkar. Samvinna á svæðinu til fyrirmyndar og góður stuðningur frá öllum á svæðinu. Frábært að fá að vera með í svona æfingu, ómetanlegt.</p>	SAK
<p>Að æfa hlutverk áfallateymis á Græna svæðinu og samskipti við alla aðila. Gaman að æfa alvöru samskipti í gegnum Tetra.</p>	Rauði krossinn
<p>Samskipti gengu vel (TETRA). Ánægja með starf greiningasveitar á SSS. Endurbætt viðbragðsáætlun (verkferlar) SAK voru prófaðir sem gáfu tilefni til frekari umbóta sem er gott</p>	SAK
<p>Frá hendi lögreglunnar gekk vel að manna og miðað við fjölda lögreglumanna hjá embættinu tókst að manna nokkuð vel. Heilt yfir tel ég að æfingin hafi tekist vel.</p>	Lögreglan
<p>Farið var á þremur bílum frá SAK. Greiðlega gekk að koma greiningarsveit á staðinn en tryggja þarf að allir viti í öllum bílum hvert verið er að fara. Aðhlyningarstjóri skipaði sér aðstoðarmann. Ákveðið var að aðhlyningarstjóri hefði umsjón með innri samskiptum og yrði í samskiptum við verkþáttastjóra og vettvangsstjóra. Aðstoðarmaður aðhlyningarstjóra hafði umsjón með ytri samskiptum, þ.e. SST, AST og SAK. Vel gekk að setja upp SSS og skipa í hlutverk. Óskað var eftir 60 beddum úr fjöldahjálparkerru RKÍ sem gekk hratt að setja upp. Sett voru hengi í loftið fyrir vökva. Ákveðið var að setja upp 3 áverkamatsborð og 2 hjúkrunarfræðinga við hvert borð. Þegar tími gafst til fóru starfsmenn inn á rautt - gult svæði að endurmeta þolendur eða í aðstoð. Í fyrstu var 1 hjúkrunarfræðingur ábyrgur fyrir rauða svæði og læknir stjórnandi sem hafði það hlutverk að stjórna flæði út af svæði í samvinnu við aðhlyningarstjóra sem gekk mjög vel. Á rauða svæðinu var annar læknir auk þess sem þar voru fyrstu hjálpar liðar frá RKÍ og björgunarsveitarmenn. Mjög vel gekk að stjórna flæðinu og hafa yfirsýn yfir hver færi næst í flutning og hvert átti að flytja. Mjög greiðlega gekk að fá flutning fyrir þolendur af SSS. Aðhlyningarstjóri sá um að læknir gaf upplýsingar til flutningsaðila og aðstoðarmaður til móttökustaða, þ.e. SAK eða SST. Í fyrstu var mönnun á gula svæðinu þannig að þar var fyrstu hjálpar liði RKÍ ábyrgur fyrir svæðinu með björgunarsveitarmenn sér til aðstoðar. Á græna svæðinu voru fyrstu hjálpar liðar RKÍ og áfallateymi Rkí. Ákveðið var strax í upphafi að gera áverkamat á grænum á græna svæðinu og sáu RKÍ um framkvæmd þess sem gekk mjög vel til þess að koma í veg fyrir að biðröð myndaðist við áverkamatsborðin. Vel gekk að manna svæðin og var hægt að fá liðsauka frá RVK og 5 lækna og 12 hjúkrunarfræðinga frá heilsugæslu HSN sem við þaðum að fá en komu ekki á raunverulega æfingu og var gert ráð fyrir að heilbrigðismenntað fólk færi þá strax inn á rauða og gula svæðið til aðhlyningar. Fjarskipti, skipulag og yfirsýn gekk mjög vel á SSS. Aðhlyningarstjóri nýtti sér upphækkun / borð og gat með því verið sýnilegur þar sem auðvelt var að ná til starfsmanna með skilaboð/ fyrrimæli og hafa yfirsýn yfir SSS. Auðvelt var að fá birgðir á SSS sem birgðastjóri hafði umsjón með. Aðhlyningarstjóri reyndi eftir fremsta megni að huga að velferð starfsmanna SSS. Góð samvinna var á meðal starfsmanna á SSS.</p>	SAK
<p>Finnst að æfingin hafi gengið í heildina vel</p>	Allir

Samvinnan, skipulag, hlutverk, allir voru einbeittur og unnu saman vel og vandlega.	Allir
Var got að hafa skrifborðsæfingu og þess vegna gekk æfingin mjög vel á laugardeginum. Vorum líka að prufa í fyrsta skipti að hafa aðila varðandi fréttamiðla - gagnlegt að prufa það.	Allir
Gekk mjög vel og allir sem komu að henni stóðu sig vel.	Allir
Samskiptin gengu vel og stjórn aðgerðastjórnar var góð. Gott að hafa myndavél þannig að vettvangurinn var í beinni á skjá í aðgerðarstjórn.	AST
Fannst flæðið í æfingunni bara fínt. Mjög gott að skipta snemma yfir á fjarskiptaplanið. Fannst þetta raunverulegt.	Allir
Björgun slasaðra úr flökunum og að slökkva í logandi flugvélabraki	Vettvangseiningar
Held að flest hafi rúllað alveg þokkalega	Allir
Mér fannst okkar hluti ganga mjög vel. Góð samskipti milli manna.	Allir
Flestir verkþættir gengu upp..og miðað við ekki fleiri bjargir held ég að þetta hafi gengið vel....smá hnökrar a fjarskiptum en það leystist.	Allir
Góð samvinna allra aðila, nóg af börum til að ferja sjúklinga af slysstað. Gott skipulag.	Allir
Get ekki svarað því þar sem nánast engar upplýsingar bárust til okkar í Lundarskóla (söfnunar svæði) aðstandanda. Í lokin sagt að æfingin hefði gengið vel.	Rauði krossinn
Fannst æfingin rúlla mikið betur áfram þó svo að stopp hafi verið vegna venjulegs flugs um flugbrautina heldur en á síðustu æfingu.Fjarskipti gengu líka mun betur núna	Allir
Í heildina gekk æfingin vel. Nokkur smærri atriði sem sveitin mín þarf að taka til skoðunar en heildarmyndin fín.	Björgunarsveitir
Fannst heilt á litið vel ganga.	Allir
Flæði var ágætt og fjarskipti gengu þokkalega. Gott hve fljótt fjarskiptaskipulag var sett á til að minnka umferð á fjarskiptarásum.	Allir
Almennt gekk hún vel. Gott rennsli, fjarskipti í fínu lagi, talning örugg, umferðarskipulag gott. Frábært að hafa eftirlitsmyndavél á vettvangi þannig að AST gat fylgst með framrásinni í beinni. Allir með hlustun í eyra í AST - mjög gott. Gott að hafa sér mann í að sinna upplýsingamiðlun.	AST
Að mínu mati gekk æfingin mjög vel. Mín staðsetning var á SSS	Aðilar á SSS
Var á SSS allan tímann.fannst flutningur sjúklinga ganga vel og greining á sjúklingum gekk vel.	Aðilar á SSS
Flestir hlutir gengu vel	Allir
Góð yfirsýn, nýtt kerfi til bráðaflokkunar virtist ganga vel upp.	Aðilar á vettvangi
Að bjarga sjúklingum, bráðaflokka og samskipti á slysstað	Aðilar á vettvangi
Flest allt	Allir
Vel flest fjarskipti góð og lærdómsrík æfing	Allir
Gott flæði og fjarskiptaskipulag virðist virka vel. Mjög gott að hafa yfirsýn (mynd á vettvangi) í AST.	AST

5.3.3 Það sem betur hefði mátt fara

5.3.3.1 Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingarinnar

Rýnipunktur	Eigandi
Ekki nægjanleg mæting frá öllum aðilum á fræðslukvöld	Allir

Dagsetning æfingar hefði mátt liggja fyrir fyrr - mikil skipulagsmál innan heilbrigðisstofnana sem taka þarf tillit til. Varðandi undirbúning okkar þá gekk ekki nægilega vel að undirbúa æfinguna sjálfa m.t.t. mönnunar - spurning hvort að tímaramminn hafði eitthvað að segja.	Æfingastjórn
Betri og markvissari fræðsla á þessum tveimur formlegu undirbúningskvöldum.	Æfingastjórn
Að vera með nákvæmari kynningu á búnaði og yfirfara búnaðar- og lyfjalista. Einnig að halda ítarlega fræðslu og æfingar í bráðaflokkun / áverkamat á stofnun, t.d. hvað eru viðeigandi inngríp, hvenær og hvar. Skýra betur frá hvernig bráðaflokkunarspjöldin eiga að virka.	SAk
Hefði viljað fá einhverja rýni frá ráðgjöfum á skrifborðsæfingu	Æfingastjórn
Ég mætti á 3 fundi/3 kvöld. Það hefði mátt stytta það í 2 kvöld.	Æfingastjórn
Yfirmenn á flugvellinum hefðu mátt sinna undirbúningi fyrir æfinguna eins og þeir eiga að gera. Litið um fræðslu til starfsmanna flugvallarþjónustu fyrir æfinguna. Vorum lengi í óvissu hvað við ættum að gera og fengum seint að vita af þeim fundum sem gott hefði verið fyrir okkur að sækja,	Isavia
Skýrari fyrirmæli um til hvers var ætlast af þeim sem voru í Lundarskóla. (Söfnunar svæði aðstandanda).	Rauði krossinn
Tímasetning á æfingum	Æfingastjórn
Fleiri þátttakendur æfingar hefðu mátt koma á skipulagsfundi. Aðkoma lögreglu hefði mátt vera meiri í undirbúningi og þátttöku.	Allir/Lögreglan
Ræða betur og greina á milli raunverulegra bjarga og ímyndaðra bjarga sem notaðar voru - t.d. ráðstöfun þolenda úr SSS í ímyndað flutningstæki. Ráðstöfun leikara eftir það. Þá virtist vera einhver óvissa um hvort fjöldahjálparstöð yrði virkjuð eða SSA. Aðeins vantaði upp á öryggi við notkun á aðgerðargrunninum. Það væri gott að hnippa í menn með að rifja upp þá þekkingu. Vantar skjái og tölvur í aðstöðu AST.	Rauði krossinn
Reyna minnka biðtíma hjá viðbragðsaðilum. Fannst vera löng bið að komast á vettvang.	Æfingastjórn
Það hefði mátt láta græna enda í fjöldahjálparstöð í stað þessa að þeir enduðu á SAK	SAk/Rauði krossinn
Hafa bara einn fund fyrir æfinguna ekki dreifa þessu á mörg kvöld	Æfingastjórn
Skýra betur hvað verður um græna sjúklinga nýta fjöldahjálparstöð og fara eftir verklagi	SAk/Rauði krossinn

Heimamenn mættu funda og samræma sig fyrir æfingu.	Allir

5.3.3.2 Það sem betur mátti fara á æfingunni

Rýnipunktur	Eigandi
<p>Í byrjun æfingu á flugvelli/Áfallateyminu hefði mátt setja strax upp tvö svæði þ.e. fyrir þá grænu sem átti að meta endanlega og svo þá sem mátti flytja á SAK. Áfallateymisstjóri á flugvelli hefði átt að neita að láta sitt fólk í það að meta sjúklinga enda mannskapurinn ekki með þjálfun í því. Afrifa af upplýsingamiða hefði mátt vera útfylltur strax.</p>	Rauði krossinn
<p>Við sáum að hægt er að skipuleggja græna svæðið betur/skipulegar útfrá hverjir eru flokkaðir og hverjir eftir.</p> <p>Við hefðum mátt vera fleiri með þá "sjúklinga" sem við vorum að sinna.</p> <p>Útfylling flokkunarspjalda getur ekki verið í höndum áfallateymis um leið og við erum að veita sálrænan stuðning - við höfum ekki næga þekkingu/kunnáttu til þess og flokkunin hefur truflandi áhrif.</p> <p>Æfingin var alkt í einu bûin en vinnsla og gagnaöflun í Lundarskóla var mjög stutt komin - hefðum viljað æfa okkur aðeins lengur af því að við vorum með aðstandendur sem léku hlutverkin vel og vildu upplýsingar um sitt fólk.</p>	Rauði krossinn
<p>Loftbrúin var svolítið óljós þ.e. yfirsýn okkar yfir hverjir komu / fóru ekki nægilega skýr. Bæta þarf upplýsingaflæði þegar rauðir / gulir eru "raunverulega" að koma í hús t.d. láta vita af SSS að von sé á sjúklingum (eins og gert var) en síðan leið X langur tími þar til sjúklingurinn kom. Láta vita þegar sjúklingur er rétt að koma t.d. þegar er lagt af stað með sjúkrabil. Eitthvað af innri ferlum hjá SAK þarf að bæta og mun viðbragðsstjórn vinna að því í samvinnu við þá sem að málinu koma innan SAK.</p>	SAK
<p>Betri samskipti hefðu mátt vera milli AST og SST og eins að flugturninn hefði verið í betra sambandi við aðila til að hafa stop styttra er flugvélar voru að koma og fara. Hefði viljað fá verkþáttastjóra til að koma upp á súpufundinum svona rétt til að segja frá sínum verkþætti. Ekki rýni en svona meira til að loka æfingunni.</p>	AST/SST

<p>Gott væri að hafa alla þá sem eru starfsmenn SSS sem koma frá öðrum viðbragðsaðilum og hafa hlutverk á SSS að vera í merktum vestum SSS t.d. eftir lit á svæði (gulur - rauður- grænn). Búnaður og fatnaður greiningarsveitar er ábótavant.</p> <p>Einhver misskilningur var með bráðaflokkunarspjöldin. Nokkrir þolendur komu inn á SSS sem höfðu verið flokkaðir gulir og framkvæmt var áverkamat þar sem matið leiddi í ljós að þeir væru grænir og því fluttir á börum á grænt svæði. Talið var að þeir sem gætu ekki gengið ættu því að vera á gula svæðinu en ekki á því græna og því fluttir yfir á gula svæðið.</p> <p>Það hefði mátt skrá meiri / frekari upplýsingar á spjöldin. Gera ítarlegri skoðun á þolendum í áverkamati og bregðast við því þar áður en farið er inn á svæðin t.d. stöðva blæðingar, tryggja öndun osfrv. Nægur tími og búnaður var í áverkamati til að hefja fyrstu meðferð.</p> <p>Tryggja að allir björgunarsveitarmenn hafi fengið skýr fyrirmæli um hlutverk þeirra á SSS. Var gert í byrjun en þegar komu fleiri inn á SSS var þeim vísað beint inn á svæði til aðstoðar, mætti vera kannski skýrari hvað eiga að gera nákvæmlega.</p>	Allir á SSS
<p>Ekki unnið eftir SÁBF. menn leistu úr málum í sameiningu þannig að það var engin sérstök verkaskipting innan VST. Engin í VST hafði verið þar áður, hefði verið gott að hafa einn sem hefði haft einhverja reynslu</p>	Lögreglan
<p>Mér sýndist ekki vera nóg að hafa bara einn í hliðinu, hann réð varla við aðstandendur.</p>	Lögreglan
<p>Hefði mátt vera betri mönnun hjá svæðisstjórn í aðgerðarstjórn.</p>	Svæðisstjórn
<p>Hafði mátt fara fyrir í TF-LÁKA til að bjarga fólkinu þar.</p>	Björgunarstjóri
<p>Farþegalistinn kom til mín á pappírformi. Erfiðlega gekk að koma honum yfir á rafrænt form. Hefði átt að biðja um hann líka á rafrænu formi í tölvupósti.</p>	AST/Isavia
<p>Vandamál vaðandi flugumferð á vellinum á æfingartíma</p>	Isavia
<p>Fjarskiptin voru aðeins í rugli fengum vitlaus skilaboð þegar við vorum send inn á svæðið og vorum ekki leiðrétt fyrir en æfingin var langt komin. Eins vantaði fleiri hendur og fleiri ökutæki til að ferja af slysstað og í sss</p>	Allir
<p>Pirraði mig þínu sem flutningastjóri að fá ekki löggú i flugvallarhlið þegar alagið þar var frá brjáluðum ættingjum eða fjölmiðlum ..held að það sé hlutverk gæslustjóra að sjá um þessa hlið...</p>	Lögreglan
<p>Láðist að koma því áfram til hópsins að bráðaflokkun færi ekki fram á slysstaðnum sjálfum heldur á söfnunarsvæði slasaðra rétt við slysstað (áður en þeir væru sendir í SSS). Skapaði rugling meðal margra björgunaraðila.</p> <p>Nota hefði mátt bíla og sérstaklega fjórhjól til að létta undir með björgunaraðilum, þ.e. nota tækin inni á slysstað en ekki einungis til að ferja að SSS. Voru allt of fáir björgunarmenn í flutningi sjúklinga frá slysstað og því hefði létt gífurlega undir að nýta tækin.</p>	Björgunarstjóri /Æfingastjórn

Fyrst var um æfingu að ræða hefði mátt sleppa því að hafa dekkinn á bílunum þegar kveikt var í, gífurleg umhverfismengun.	
Betri samskipti við fólk sem var í Lundarskóla, æfingin var endasleppt og aðstandendur (leikarar) skildir eftir í lausu lofti. Hefði þurft að ljúka æfingunni á annan hátt.	Æfingastjórn
Hafa slysavettvang þar sem áætlunarflug hefur ekki eins mikil áhrif. Þurfti að seinka æfingu vegna þoku? Má ekki líka æfa við erfiðar aðstæður?	Æfingastjórn
Björgunarsveit mætti í MOT og var sagt að færa fjarskipti á talhóp VST-6 Gerði það en fór seinna að efast hvort ekki hefði verið réttara að fara á 6-1, 6-3 eða 6-4 (verkefni á slysstað, flutningur á SSS og talning)	Björgunarsveitir
Vantaði hraðari flutning frá slysstað að söfnunarsvæði við braut og frá söfnunarsvæði við braut að SSS	Björgunar- /flutningstjóri
Fleiri lögreglumenn. Engan veginn raunhæft að vinna einungis með 4 lögreglumenn á vettvangi.	Lögreglan
Að mínu viti hefði mátt virkja bæði SSA og fjöldahjálparstöð.	
Farþegalisti var óljós um sumt og ekki eins vel úr garði gerður og farþegalistar almennt. Höfum farþegalistann sem raunverulegastan. Þá kom hann ekki á rafrænu formi, sem einnig var slæmt.	
Aðhlyningarstjóra virtist vanta skipulag til að halda utan um upplýsingar sem komu frá AST um flugkost til að flytja sjúklinga.	
Ég hefði kosið að fá meiri og dýpri rýni frá ráðgjafa AVD á störf AST.	Rauði krossinn/ Isavia/ SAK/ Svæðisstjórn
Heppilegt hefði verið að hafa fleiri menn frá Svæðisstjórn.	
Reyna minnka biðtíma, það var nú svosem það eina sem ég tók eftir.	Æfingastjórn
margin óvissir með talhópa, hvort þeir ættu að vera á VST6, 6-1 eða 6-4	Allir
Það vantaði betri upplýsingar um afdrif grænna og gulra.	AST
Vantaði hendur til að bera slasaða	Allir
Fjarskipti, það voru ekki allir á sömu rás og við náðum ekki að kalla í aðgerðastjóra/slökkvilið til að fá þá til að klippa. Einnig hefði þurft fleiri faratæki eða að fara með sjúklinga beint í söfnunarstað slasaðra af því margir sjúklingar lágu lengi að biða eftir flutningi	VST
Fjarskipti	Allir
Samskipti milli SAK og RKÍ mætti skýra	
Grænir tepptir á SAK beðið um aðstandendur þangað til þörunar og í raun fjöldahjálparstöð og SSA tæmd. Þetta sé ég ekki ganga í raun	
Og er ekki eftir uppsetningu áætlunar. Þarf að skoðast	SAK/Rauði krossinn

Kannski þarf að æfa betur verkaskiptingu innan AST. Mikið álag á samskiptamanni við Aðhlyfningarstjóra og heilbrigðisgeirann. Erfitt að samræma leikna atburði og raunverulega (flutningstæki sem eru leikin).	
--	--

5.3.3.3 Einkunn æfingar

Þegar þátttakendur voru spurðir um hversu gagnleg þeir töldu æfinguna á skalanum frá 1-10 þar sem 10 er mjög gagnleg og 1 er ekki gagnleg kemur í ljós að allir töldu æfinguna afar gagnlega. Meðal einkunn æfingar er 9,2 sem er miðað við aðrar æfingar afar góð einkunn,